



KPMG ehf.  
Glerárgötu 24  
600 Akureyri

Sími 545 6000  
Fax 545 6001  
Veffang www.kpmg.is

## Minnisblað vegna samþykktar sveitarstjórnar Strandabyggðar 9. júlí 2024.

Á fundi sveitarstjórnar Strandabyggðar þann 9. júlí 2024 var eftirfarandi samþykkt samhljóða:

*Sveitarstjórn Strandabyggðar samþykkir að leitað verði til endurskoðunarfyrirtækisins KPMG, sem annast endurskoðun ársreikninga sveitarfélagsins, um að gera úttekt á öllum greiðslum til Jóns Jónssonar, kt. 050468-4969 svo og þeirra fyrirtækja og stofnana sem eru/vorū í hans eigu eða sem hann tengdist með stjórnarsætu, á þeim tíma sem hann sat í sveitarstjórn Strandabyggðar, þ.e. á árunum 2010 – 2014 og 2019 – 2022.*

*Við fyrrgreinda úttekt verði lagt mat á hvort fullnægjandi samþykktir eða samningar hafi staðið að baki þeim ákvörðunum af hálfu sveitarfélagsins sem lágu til grundvallar umræddum greiðslum/fjárveitingum og hvort þær hafi að öllu leyti verið teknar í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga, samþykta og siðareglina Strandabyggðar.*

*Fyrrgreindri úttekt skal lokið við fyrsta tækifæri og eigi síðar en 30. september næstkomandi. Niðurstöður úttektarinnar skulu kynntar á heimasíðu sveitarfélagsins.*

Salbjörg Engilbertsdóttir, skrifstofustjóri Strandabyggðar var tengiliður sveitarfélagsins við KPMG í þessari úttekt.

### Strandagaldur ses

Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum var Jón Jónsson í stjórn Strandagaldurs ses tímabilið nóvember 2018 til maí 2024 en hafði áður verið í stjórn til ársins 2007. Strandagaldur ses er sjálfsseignarstofnun og því er ekki um eiginlega eigendur að ræða að félagini.

Árið 2010 fékk félagið styrk að fjárhæð 2.636.315 kr. samkvæmt samningi undirritaður af sveitarstjóra þann 10. júní 2010.

Árið 2011 fékk félagið styrk að fjárhæð 3.036.003 samkvæmt samningi sem er byggður á samþykkt sveitarstjórnar 23. mars 2011.

4. Samningur um rekstur Upplýsingamiðstöðvarinnar á Hólmavík, erindi frá Sigurði Atlasyni, framkvæmdastjóra Strandagaldurs ses, dags. 10. mars 2011

Sveitarstjórn Strandabyggðar samþykkir að ganga til viðræðna um samning við Strandagaldur ses um rekstur Upplýsingamiðstöðvarinnar á Hólmavík. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að haldinn verði fundur með ferðapjónustu- aðilum í Strandabyggð um starfsemi Upplýsingamiðstöðvarinnar.

Árin 2012-2014 fékk félagið styrk samkvæmt samningi sem var undirritaður 15. maí 2012 og var umsamið framlag 3.253.918 kr. Sveitarstjórn fjallaði um málið 17. apríl 2012.

##### 5. Samningur um Upplýsingamiðstöðina á Hólmavík

Sveitarstjórn samþykki að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við Strandagaldur ses um rekstur Upplýsingamiðstöðvarinnar á Hólmavík 2012 - 2014.

Árin 2015 til 2018 félagið styrk samkvæmt samningi sem var undirritaður 11. mars 2015 og var umsamið framlag 5.056.013 kr. Sveitarstjórn fjallaði um málið 10. mars 2015. Í þessum samningi er ákveðið innra ósamræmi en í fyrirsögn samningsins var samningurinn sagður vera fyrir tímabilið 2015 til og með 2019 en gildistími hans var sagður 2015 til og með 2017. Greiðslan fyrir árið 2018 var í samræmi við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins

##### b) Samningur um Upplýsingamiðstöð Strandabyggðar - drög til umræðu

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að framlengja samning um rekstur upplýsingamiðstöðvar um tvö ár eða til 31. desember 2017.

Árið 2019 fékk félagið styrk samkvæmt samningi sem var undirritaður 26. febrúar 2019 og var umsamið framlag 6.517.462 kr. Sveitarstjórn fjallaði um málið 12. febrúar 2019 og þar sátu Aðalbjörg S. Sigurvaldadóttir, Eiríkur Valdimarsson, Guðfinna Lára Hávarðardóttir, Ingibjörg Benediktsdóttir og Jón Gísli Jónsson.

##### 4. Styrktarsamningur við Strandagaldur s.e.s.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu að samningi um rekstur upplýsingamiðstöðvar í anda fyrri samninga. Jafnframt vill sveitarstjórn óska eftir samstarfi við önnur sveitarfélög um samstarf um rekstur upplýsingamiðstöðvarinnar. Sveitarstjóra og Oddvita falið að ræða það við fulltrúa nágrannasveitarfélaga.

Árið 2020 fékk félagið styrk samkvæmt samningi sem var undirritaður 29. apríl 2020 og var umsamið framlag 6.517.462 kr. Sveitarstjórn fjallaði um málið 10. mars 2020 og þar sátu Jón Gísli Jónsson, Ásta Þórisdóttir, Aðalbjörg Signý Sigurvaldadóttir, Guðfinna Lára Hávarðardóttir og Pétur Matthíasson.

##### 7. Samstarfssamningur við Strandagaldur - drög

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að undirbúa vinnufund með framkvæmdastjóra Strandagaldurs, þar sem einstök efnisatriði samningsins verða rædd og upplýst um framkvæmd upplýsingamiðlunar.

Árið 2021 fékk félagið styrk samkvæmt samningi sem var undirritaður 12. nóvember 2021 og var umsamið framlag 2.000.000 kr. Sveitarstjórn fjallaði um málið 9. mars 2021 og þar sátu Jón Gísli Jónsson, Ásta Þórisdóttir, Eiríkur Valdimarsson, Guðfinna Lára Hávarðardóttir og Pétur Matthíasson.

##### 4. Styrkumsókn frá Strandagaldri

Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun sína um samning við Strandagaldur til þriggja ára, 2021-2023, líkt og umsókn Strandagaldurs kvað á um.

Árið 2022 fékk félagið styrk samkvæmt samningi sem var undirritaður 12. febrúar 2022 og var umsamið framlag 1.600.000 kr. Sveitarstjórn fjallaði um málið 8. mars 2022 og þar sátu Jón Gísli Jónsson oddviti, Guðfinna Lára Hávarðardóttir, Ásta Þórisdóttir, Pétur Matthíasson og Jón Jónsson.

## 1. Framlenging styrktarsamninga við félagasamtök í Strandabyggð

Lögð fram drög að styrktarsamningum sveitarfélagsins við félagasamtök og menningarstofnanir í Strandabyggð á árinu 2022. Miðað er við 20% lækkun upphæða frá fyrra ári, í takt við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Búið er að skrifa undir samning við Félag eldri borgara og staðfestir sveitarstjórn hann samhljóða. Samningur við Leikfélag Hól mavíkur er frágenginn, einnig við Lions og Héraðssamband Strandamanna. Sérstakur styrkur til Lionsklúbbsins vegna umsjónar með viðhaldi girðingar fellur niður, en samningur er áfram um afnot á húsnæði í eigu Strandabyggðar. Samningar við Lions og Héraðssamband Strandamanna eru samþykktir samhljóða. Jón Jónsson vikur af fundi meðan samningur við leikfélagið er tekinn fyrir. Samningurinn er samþykktur samhljóða. Jón kemur aftur á fundinn.

Eftir er að ganga endanlega frá samningum við Golfklúbb Hól mavíkur, Ungmennafélagið Geislann og Skiðafélag Strandamanna. Einig er eftir að ganga frá samningi við Björgunarsveitina Dagrenningu. Drög að þessum samningum eru samþykkt samhljóða og oddvita falið að ganga frá þeim og undirrita fyrir hönd sveitarfélagsins.

Jón Jónsson vikur af fundi. Lagðir fram styrktarsamningar við Sauðfjársetur á Ströndum og Strandagaldur með 20% lækkun á styrkupphæðum frá fyrra ári, í samræmi við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Samningarnir eru samþykktir samhljóða. Jón Jónsson kemur aftur til fundar.

Samningar milli Strandagaldurs ses og sveitarfélagsins Strandabyggðar eru styrktar- og samstarfssamningar. Í samningum er fjallað meðal annars um markmið og tilgang hans, árlegt fjárframlag og skuldbindingar vegna fjárfamlags. Á tímabilinu 2010 til 2020 töku samningarnir til reksturs upplýsingamiðstöðvar Strandabyggðar á Hól mavík.

### Sauðfjársetur á Ströndum ses.

Sauðfjársetrið á Ströndum ses var stofnað árið 2009 og samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum var Jón Jónsson aldrei í stjórn þess. Sauðfjársetrið á Ströndum ses er sjálfseignarstofnun og því er ekki um eiginlega eigendur að ræða að féluginu. Ester Sigfúsdóttir, eiginkona Jóns Jónssonar hefur verið framkvæmdastjóri félagsins frá árinu 2012.

Árið 2010 fékk félagið styrk að fjárhæð 1.200.000 kr. í samræmi við afgreiðslu sveitarstjórnar þann 12. janúar 2010.

- 2. Styrkumsókn frá Sauðfjársetri á Ströndum. Borist hefur erindi frá Sauðfjársetrinu á Ströndum dags. 7. desember 2009 ásamt beiðni um styrk að fjárhæð 1.500.000 kr. til reksturs og uppbyggingar setursins. Er erindið sent til Strandabyggðar þar sem héraðsnefnd Strandasýslu hefur ekki svarað erindinu sem fyrst var sent til héraðsnefndar nóvember 2008. Samþykkt var samhljóða að styrkja Sauðfjársetrið um kr. 1.200.000.

Félagið fékk ekki styrki frá sveitarféluginu árin 2011 og 2012.

Árið 2013 fékk félagið styrk að fjárhæð 1.200.000 kr. í samræmi við umfjöllun sveitarstjórnar 15. desember 2011 og 12. febrúar 2013.

## 5. Beiðni um samning um rekstrarstyrk til þriggja ára, erindi frá Sauðfjársetri á Ströndum dags. 7. desember 2011

Jón Jónsson og Jón Gísli Jónsson vikja af fundi. Bryndísi Sveinsdóttur er falið fundarstjórn.

Sveitarstjórn Strandabyggðar samþykkir að óska eftir frekari upplýsingum um rekstur Sauðfjárseturs á Ströndum: Árskýrslum 2010 og 2011, ársreikninga síðustu 3 ára og fjárhagsáætlun 2012. Sveitarstjórn samþykkir að vísa erindinu til Tómstunda-, íþróttá- og menningarnefndar.

Jón Jónsson og Jón Gísli Jónsson koma inn á fundinn. Jón Gísli tekur aftur við fundarstjórn.

Jón Gísli Jónsson og Jón Jónsson vikja af fundi og inn koma varamennirnir Ingibjörg Benediktsdóttir og Þorsteinn Newton.

Tillaga að skuldauppgjöri lögð fram til kynningar og samþykkt samhljóða.

## 4. Erindi frá Tómstunda-, íþróttá- og menningarnefnd varðandi Sauðfjársetur á Ströndum ses og beiðni þess um samning um rekstrarstyrk til þriggja ára, dagsett 15/01/2013

Erindið var tekið til umfjöllunar og ákveðið að styrkja Sauðfjársetrið um 600.000 kr á ári til þriggja ára.

Jón Gísli Jónsson og Jón Jónsson koma aftur á fund og varamennirnir Ingibjörg Benediktsdóttir og Þorsteinn Newton vikja af fundi.

Árið 2014 fékk félagið styrk að fjárhæð 600.000 kr. sem var í samræmi við fjárhagsáætlun.

Þann 13. janúar 2015 var undirritaður samningur um styrk til félagsins á tímabilinu 2015 til og með 2018 þar sem árlegur styrkur var 850.000. kr.

Þann 7. júní 2019 var undirritaður samningur um styrk til félagsins á tímabilinu 2019 til og með 2022 þar sem árlegur styrkur var 850.000. kr. Síðan var samningum breytt hvað varðar árið 2022 þar sem framlag var lækkað og var sá samningur undirritaður 12. febrúar 2022.

Á fundi sveitarstjórnar 8. september 2020 var ákveðið að bjóða Sauðfjársetrinu ses. til eignar þann hlut í Sævangi sem rann til sveitarfélagsins þegar Ungmennafélagið Hvöt var lagt niður.

## 5. Yfirtaka Strandabyggðar á eignarhlut í Sævangi og íþróttavelli við Sævang

Ungmennafélagið Hvöt hefur verið lagt niður og samkvæmt samþykktum þess var ákveðið að eignarhlutar í íþróttavelli við Sævang sem og í húsnæðinu sjálfu, rynni til Strandabyggðar. Þessar eignir eru nú þinglýst eign sveitarfélagsins. Við umræðu um ráðstöfun eignanna véku Jón Gísli Jónsson og Pétur Matthiasson af fundi. Ákveðið var að fresta ákvörðun um ráðstöfun á íþróttavelli. Einnig var ákveðið að eignarhlutur sveitarfélagsins í húseigninni Sævangi væri boðinn Sauðfjársetrinu ses til eignar. Sveitarstjóra er falið að fylgja málinu eftir. Jón Gísli Jónsson og Pétur Matthiasson taka sæti á fundinum að nýju.

Samningar milli Sauðfjárseturs á Ströndum ses og sveitarfélagsins Strandabyggðar eru styrktar- og samstarfssamningar. Í samningum er fjallað meðal annars um markmið og tilgang hans, árlegt fjárfamlag og skuldbindingar vegna fjárfamlags.



## Framkvæmd greiðslna

Styrkir til framangreindra aðila voru greiddir með bankamillifærslum samkvæmt bókhaldi sveitarfélagsins.

### Jón Jónsson og önnur félög sem honum tengjast

13. mars 2018 var eftifarandi umfjöllun í sveitarstjórn.

#### 1. Afgreiðsla styrkumsókna

Jón Gísli Jónsson og Ingibjörg Benediktsdóttir vökja af fundi.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu styrkja á eftifarandi hátt:

- 1) Brynhildur Sverrisdóttir - ljósmyndasýning á Hamingjudögum: 25.000
- 2) Náttúrubarnaskólinn - styrk fyrir náttúrubarnahátið á Ströndum: 80.000
- 3) Jón Jónsson - menningararfur í myndum: 80.000
- 4) Kómedíuleikhúsið - vegna útgáfu og útgáfuhófs: 80.000

Jón Gísli og Ingibjörg koma aftur til fundar.

### Fjárhagsstaða sveitarfélagsins

Á tímabilinu 2010 til og með ársins 2022 var veltufé frá rekstri A – hluta sveitarfélagsins að meðaltali 19,5 millj. kr.

### Sveitarstjórnarmenn

Samkvæmt samantekt skrifstofustjóra Strandabyggðar sátu eftifarandi aðilar í sveitarstjórn tímabilið 2006 til 2026.

#### 2006-2010

Valdimar Guðmundsson - J

Rúna Stína Ásgrímsdóttir - J

Jón Gísli Jónsson - J

Már Ólafsson - H

Daði Guðjónsson - H

#### varamenn

Ásta Þórisdóttir - J

Ingibjörg Emilsdóttir - J

Bryndís Sveinsdóttir - J

Jón Stefánsson - H

Eysteinn Gunnarsson - H

#### Sveitarstjóri



Ásdís Leifsdóttir

**2010-2014**

Jón Gísli Jónsson -J

Ásta Þórisdóttir - J

Bryndís Sveinsdóttir - J

Jón Jónsson - V

Katla Kjartansdóttir - V

**varamenn**

Ingibjörg Benediktsdóttir - J

Sverrir Guðbrandsson - J

Rúna Stína Ásgrímsdóttir - J

Viðar Guðmundsson - V

Kristjana Eysteinsdóttir - V

**Sveitarstjóri**

*Ingibjörg Valgeirs dóttir 2010-  
2012*

*Andrea Jónsdóttir 2012*

**2014-2018**

Jón Gísli Jónsson - J

Ingibjörg Emilsdóttir - J

Viðar Guðmundsson - J

Haraldur V. A Jónsson - F

Ingibjörg Benediktsdóttir - E

**varamenn**

Ásta Þórisdóttir - J

Jóhann L. Jónsson - J

Guðrún E. Þorvaldsdóttir - J

Sigríður G. Jónsdóttir - F

Jóhann Björn Arngrímsson - E

**Sveitarstjóri**

*Andrea Jónsdóttir*

**2018-2022 persónukjör**

Jón Gísli Jónsson

Ingibjörg Benediktsdóttir (flutti)

Guðfinna Lára Hávarðardóttir

Eiríkur Valdimarsson (hætti)

Aðalbjörg Sigurvaldadóttir (flutti)

**varamenn**

Hafdís Gunnarsdóttir (hætti)

Ásta Þórisdóttir

Pétur Matthíasson

Jón Jónsson



Egill Victorsson (hætti/flutti)

**Sveitarstjóri**

*Borgeir Pálsson 2018-2021*

*Jón Gísli Jónsson 2021-2022*

**2022-2026**

Borgeir Pálsson - T

Sigríður Guðbjörg Jónsdóttir -T

Jón Sigmundsson - T (flutti)

Óskar H. Halldórsson - T

Matthías Sævar Lýðsson -A

Hlíf Hrólfsdóttir - A

**varamenn**

Guðfinna Sævars dóttir - T (flutti)

Grettir Örn Ásmundsson - T

Þróstur Áskelsson - T

Guðfinna Lára Hávarðardóttir - A

Ragnheiður Ingimundardóttir - A

**Sveitarstjóri**

*Borgeir Pálsson*

**Niðurstaða**

Ekki er annað að sjá en greiðslur til til Jóns Jónssonar, kt. 050468-4969 svo og þeirra fyrirtækja og stofnana sem eru/voru í hans eigu eða sem hann tengdist með stjórnarsetu, á þeim tíma sem hann sat í sveitarstjórn Strandabyggðar, þ.e. á árunum 2010 – 2014 og 2019 – 2022 hafi verið í samræmi við samninga og samþykktir sveitarstjórnar.

Einnig er ekki annað að sjá en Jón hafi gætt þess sem fulltrúi í sveitarstjórn að víkja sæti þegar framangreindir samningar voru til umfjöllunar.

Akureyri, 30. september 2024

**KPMG ehf.**